

Frumvarp til laga

um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (útvíkkun refsiramma).

Flm.: Diljá Mist Einarisdóttir, Bryndís Haraldsdóttir, Guðlaugur Þór Þórðarson,
Jens Garðar Helgason, Jón Gunnarsson, Ólafur Adolfsson, Rósa Guðbjartsdóttir.

1. gr.

1. mgr. 34. gr. laganna orðast svo:
Í fangelsi má dæma menn ævilangt eða um tiltekinn tíma, ekki skemur en 30 daga og ekki lengur en 20 ár.

2. gr.

79. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður lagt fram á 156. og 157. löggjafarþingi (52. mál) og er nú endurflutt óbreytt.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 8/2023, sem varðaði aftöku sem var framin á manni við heimili hans í Reykjavík, var dómur Landsréttar yfir morðingjanum um 20 ára fangelsi mildaður í 16 ára fangelsi. Í forsendum Hæstaréttar segir að þrátt fyrir að fram komi í 79. gr. almennra hegningarlaga að dæma megir allt að 20 ára tímabundið fangelsi, sé sú heimild bundin við lagaákvæði sem heimili „refsingu umfram almenn refsímörk og eftir atvikum sérrefsímörk einstakra hegningarlagaákvæða“. Niðurstaða dómsins er því sú að þar sem almennur refsirammur fyrir tímabundið fangelsi sé skv. 34. gr. laganna allt að 16 ár hafi þarna verið um að ræða „eitt manndráp og ekki önnur brot“ og því skorti að lögum heimild til að dæma viðkomandi til þyngri tímabundinnar refsingar en 16 ára. Dómurinn taldi jafnframt að heimild 211. gr. laganna, sem varðar manndráp, til að dæma í ævilangt fangelsi fyrir einstakt brot yrði „ekki ein og sér talin fela í sér heimild til að ákveða þyngri tímabundna refsingu en 16 ára fangelsi“.

Markmiðið með frumvarpi þessu er að taka af öll tvímæli um að heimilt sé að dæma menn til tímabundins 20 ára fangelsis fyrir einstakt brot.

Norðurlöndin hafa mörg hver refsiramma allt að lífstíðarfangelsi vegna manndráps. Lágmarkið í Danmörku og Svíþjóð er 5 ár líkt og á Íslandi, en 8 ár í Noregi og Finnlandi og 10 ár í Svíþjóð.

Þá er til þess að líta að heimilt er samkvæmt lögum að veita föngum reynslulausn þegar helmingur refsitímans er liðinn, jafnvel þótt þeir afpláni refsingu fyrir alvarlegt brot. Mun skemmri tími getur hins vegar liðið þar til fangar sem afplána refsingu fyrir alvarlegt brot

geta færst yfir í opin úrræði, auk þess sem frelsi þeirra m.a. til dagsleyfa og jafnvel lengri leyfa getur aukist mjög. Eins og fram kemur í almennum hegningarlögum er markmið refsingar fyrst og fremst að vernda almennt réttaröryggi og viðhalda lögbundnu þjóðskipulagi. Þá er markmiðið líka að fullnægja réttlætistilfinningu almennings sem vill ekki sætta sig við að ekki sé refsað fyrir skerðingu á mikilvægum réttindum annarra.

Hávær umræða hefur skapast um hvort refsingar héraðs séu e.t.v. fullvægar fyrir alvarlegustu afbrotin sem framin eru, þ.m.t. fyrir manndráp. Er hliðsjón þá m.a. höfð af þeim slaka sem fullnusta getur falið í sér, sbr. það sem fyrr segir um frelsi og reynslulausn fanga – jafnvel þeirra sem hafa framið alvarleg brot.

Flutningsmenn telja að þar sem markmið hegningarlaga hafi verið að heimilt sé að dæma menn í fangelsi allt að ævilangt og tímabundið allt að 20 ár, sé mikilvægt að taka af öll tvímæli um þetta með lagabreytingu með hliðsjón af framangreindum dómi Hæstaréttar.